

6
20. maí

OPIÐ BRJEF

um

nýjar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að Vjer höfum með opnu brjefi, dagsettu í dag, rofið Alþingi, sem nú er, þá er það allramildlegastur vilji Vor, að nýjar almennar óhlutbundnar kosningar skuli fara fram laugardaginn 9. júlí næstkomandi.

Fyrir því bjóðum Vjer og skipum svo fyrir, að almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.